

**Þjóðin er mjög ósatt innbyrðis um magma málið . Er rétt að rúlla því í gegn ? Þurfum við ekki að skoða þetta betur ? hvað liggur á ? Er þetta ekki samningur til 130 ára ? Þarf þjóðin að skilgreina í sameiningu hvað hún vill ? Getum við virkt ósættina um söluna til magma , í að finna út hvað við viljum ? Finna stefnu ?**

**Getur verið að upp séu runnir nýir tímar þar sem eignarhald og afnot þjóðarinnar á auðlindum sínum er ekki lengur hægri eða vinstri pólitík heldur einfaldlega lífsnauðsynleg ákvörðun um að komast yfir erfiðleikana sem við stöndum í ? Þurfum við ekki að sleppa þessari kaldastríðs stóriðjustefnu , endurskoða fyrir 21.öldina ?**

Nú eru 10 dagar í að Magma Energy Sweden Ab hljóti yfirráðarétt yfir nýtingu mikilvægra orkulinda okkar í 65 ár. Er þessi sala á nýtingarrétti í samræmi við lögin um að afnot og eign íslenskra náttúruauðlinda skuli vera í höndum íslenskra stjórnvalda?

Þyrfti ekki að rannsaka markvisst þetta sölufæri? Þurfum við að fá skýrslu um auðlindir eins og skýrslu um bankana? Svo við getum hafið heilbrigð viðskiptaferli við útlendinga í framtíðinni ?

Er nokkuð sem tryggir að Magma muni ekki flytja allan hagnað úr landi ?

Er nokkuð sem tryggir að þessi sala muni skapa atvinnu á Íslandi ?

Getur verið að gróðinn fari til milliliða sem almenningi og jafnvel ríkisstjórn eru óþekktir ?

Þetta eru greinilega mjög vondir samningar . Hefur ríkið og þjóðin efni á því ?

Meðal tilmæla Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er að Íslendingar veiti útlendingum opnari aðgang að auðlindum sínum. Samkvæmt viljayfirlýsingu Ríkisstjórnarinnar í apríl s.l. virðist sem eigi að fara að þeim tilmælum. Ætlum við að borga fyrir icesave skuldir útrásarvíkinganna með náttúru okkar?

Er ekki meiri möguleiki á að við getum rétt Ísland við og borgað skuldir okkar ef við höldum fullum yfirráðum yfir auðlindunum og högnumst á þeim sjálf?

Ætti þjóðin sjálf ekki að fá að ákveða hvort og hvernig hún vill nýta auðlindir sínar? Þurfum við að breyta lögunum svo þjóðin geti gengið til þjóðaratkvæðagreiðslu um hennar eigin auðlindir?

Íslendingar eru meðal fremstu þjóða í heimi í jarðvarmanýtingu . við höfum ekki bara orkuna heldur líka kunnáttuna og reynsluna . Afhverju selja það svona ódýrt ? Eigum við ekki skilið að njóta sjálf ávextanna af þessari löngu alíslensku þróun ?

Að sögn mun salan til Magma Energy gagnast efnahagslífinu þar sem um erlenda fjárfestingu er að ræða. Hvernig stemmir það við þá staðreynd að 70% kaupverðsins eru fjármögnuð með innlendu kúlu-láni með veði í hlutabréfunum?

Fleiri erlend fyrirtæki hafa sýnt áhuga á að kaupa aðgang að íslenskum jarðvarma en verið vísað frá , af hverju er magma energy með einokun á þessari sölu?

Gæti salan af afnotum á auðlindum Íslands til Magma Energy verið framhald af Rei-málinu ?

við erum að selja frá okkur aðgang til eigin orku í 130 ár , hvernig vitum við hvaða aðstæður verða þá ? Fyrir 130 árum var 1880 , grunaði Íslendingum þá að við hefðum t.d. tölvur núna , netið ? Verðum við ekki að taka þetta í smærri skrefum ?

Í hvað ætlar magma energy að nota orkuna ? Í feiri álver ? Vísindamenn eru nokkuð vissir að tvö álver myndu nota mest alla þá jarðhita orku sem við eigum eftir . Er góð hugmynd að setja öll egginn í sömu körfuna ? 5 álver ? Og hvað ef álverð fellur ? Og fjöldi fyrirtækja á Íslandi sem nú berjast í bökkum og hundruðin sem myndu verða stofnuð næstu 130 árin , hvar fá þau orku ? Væri ekki ráð að styðja þau ?

Framkvæmdirnar á þeistareykjum eru komnar núna á sama hraða og útrásarvíkingaorkan var á . Án umhverfismats . með þessum hraða missti þjóðin peningana , húsin sín , bílana , stofnaði til yfirnáttúrulegra hárra skulda . Þarf alltaf að gleypa allt í einum bita ? Er þetta góð hugmynd ?

Hvernig á að samræma frekari stóriðju áform við alþjóðlegar skuldbindingar gegn mengun? Ætla Íslendingar ekki að taka þátt í að sporna við hlýnun jarðar?

Vatnið verður líklega dýrmætasta auðlind heimsins í framtíðinni. Verður Magma-málið að fordæmi? Munum við missa fleiri auðlindir á þennan hátt?

Orkugjafar siðmenningarinnar voru mjög ólíkir á 19.öld og 20.öld . Og þeir verða allt öðruvísi á 21.öld . Núna getum við rétt kíkt inn í framtíðina , heim sem virðist núna eins útópískur og fjarstæðukenndur eins og þegar fólk sagðist vilja fljúga fyrir hundrað árum síðan . 21.öldin verður öldin sem við hættum að nota olíu , án stóriðju , heim með sólarorku , vindorku , þar sem við tökumst á við að endurskilgreina samband náttúru og tækni . Höfum við efni á að missa af þessari þróun

Munu barnabörn okkar verða ánægð með hvernig við bregðumst við núna?  
Munu þau verða sátt við samningana okkar og sölu auðlindanna?